9-08-2

# V=i=l=j=i=n=n

9. Ár. 31. Janúar 1908 2. Blað

## Gefinn út af

## Lestrarfélagi Miklabæjarsóknar

### Ritnefnd

Björn Jónsson Gísli Sigurðsson Stgr. Stefáns

1908

Ritnefnd
Björn Jónsson
Gísli Sigurðsson
Stgr. Stefánsson

# Örstutt ágrip af búnaðarsögu Dana.

Framh.

---

Árið 1536 er talið að 85 bændur af 100 hverju hafi verið leiguliðar. Þar sem kristnin var lögtekin reyndu klerkarnir að koma á tíund um. Þetta hepnaðist í Danmörku eftir megna mótstöðu.

Tíundin var í því fólgin, að bændur urðu að borga 1/10 af öllum búsafurðum, s.s. 1/10 af kornuppskerunni, af búfé 10. hverja skepnu sem fæddist á árinu. Tíundin skiptist í 3 jafna hluta: 1/3 gekk til byskups, 1/3 til klerka og 1/3 til kirkna.

---

## Bændabýli og skipting jarða.

Fyrst voru bæirnir byggðir nokkrir saman í þyrpingu. Var það gert vegna þess að hægra var að ná saman og verjast árásum ef ófrið bar að höndum; því á þeim tímum mátti búast við ránsmönnum og víkingum á hverri stundu.

Í kringum þorpin var afgirt ræktað land. Af því átti hver jörð vissan hluta, bæði af betra og lakara landi. Þessi skipting landsins hlutaði það oft niður í smá bletti, þannig gat ein jörð átt landsbletti í 100 stöðum í landareign þorpsins. Bithaginn var óskiptur og gekk þar búfé saman, þannig að hver bóndi mátti

fjölda
láta vissan hluta, búfjárins ganga í bithaganum. Þorpsbúar gættu fjárins í félagi, einn gætti kinda, annar nautgripa, þriðji hesta o.s.frv.

Af þessari skipting jarðanna leiddi ýms óþægindi. Bændurnir þurftu oft að fara yfir land nágranna sinna til þess að komast að sínu eigin landi. Það var óþægilegt að plægja og gera jarðabætur þar eð svo lítið land var á hverjum stað.

## Jarðyrkjan

Tiltölulega lítið af landi var ræktað, og jarðræktin tók litlum framförum. Að vísu fjölguðu bændabýlin nokkuð, og nýtt land var tekið til ræktunar, en um verulegar jarðabætur var þó ekki að

ræða.

Bændur bjöggu sjálfir til öll jarðyrkju verkfæri, þau voru ófullkomin. Plógar og herfi mest gerð úr tré. Plógarnir voru þungir, en þó var eigi hægt að plægja með þeim nema mjög grunt.

Af þessu leiddi, að erfitt var að róta moldinni í ökrunum nógu djúpt niður, eða mylja hana vel í sundur, sem þó er nauðsynlegt til þess að fá góða uppskéru.

Af korntegundum var einkum ræktað korn, bygg og hafrar.

Uppskéran af korni var lítil samanborið við nú á tímum. Alt korn haft til manneldis.

## Búpeningurinn

Búpeningurinn var smærri og gaf minni arð en nú, enda var minna til hans kostað.

Búféð gekk úti mestan hluta ársins. Þegar því var gefið inni, þá fékk það aðeins hálm og úthey.

Af búfé höfðu menn hesta, kýr, sauðfé og svín, og auk þess hæns og hunángsflugur.

Kýrnar voru litlar, og mjólkuðu lítið. Bændur höfðu uxa, sem urðu 4. til 6 vetra gamlir, og voru þá seldir til Þýskalands og Hollands. Hestarnir voru litlir, en fljótlega var lögð stund á að bæta kyn þeirra. Stjórnin og lendirmenn komu upp hestaræktunarbúum og fengu til þeirra kynbótahesta frá ýmsum löndum. Dönsku hestarnir voru af litlir til

þess að hægt væri að nota þá
í hernum handa riddaras-
liðinu. — Því sökum hinna
þungu herklæða voru riddar-
arnir afarþungir —. Sauðfé var
margt, en heldur lélegt. Ullin
var notuð til fata og kétið
til fæðu — engar sauðfjárafurðir
seldar —. Svín voru mörg,
þau gengu í skóginum, því
aldini af eik er ágott fóður
fyrir þau. — Í Danmörku
voru miklir eikarskógar.

---

## Tímabilið frá 1536 til 1660

### Stjórn

Þetta tímabil byrjar eftir nýafstaðnar
innanlands óeirðir. Og á því eiga
Danir oft í höggi við aðrar þjóðir.

Fyrst eiga þeir í höggi við Svía
frá 1563 — 70. Þá taka þeir þátt
í 30 ára stríðinu, er fara þar
halloka 1626.

Afleiðingin af þessum afskiftum
varð sú, að svenskur her fer
yfir Jótland 3 árum síðar.
Og þar á eftir eiga Svíar 2ar í
höggi við Dani og sækja þá heim.

En á þessum tímum var
allur ófriður til mikils hnekkis
fyrir alla atvinnu og búnað.
Óvinirnir tóku og eyðilögðu allt
sem þeir gátu hönd á fest,
drápu búfé eða ráku það á
burt, rændu og brendu hús ofl.

Á þessu sést, hvílíkan skaða
hinn útlendi her hefir gert bænd-
unum á þessum tíma.

---

Á þessu tímabili tekur búnaður Dana litlum framförum. Lendirmenn ná meiri og meiri yfirráðum, sjálfseignarbændum fækkar og kjör leiguliða, eða hinna minni bænda versna sí og æ.

Ófriðurinn olli því, að landsmönnum fækkaði, og varð því skortur á vinnufólki, sem var þó sérstaklega tilfinnanlegt hjá lendum mönnum sem höfðu stórar jarðir.

Til þess að koma í veg fyrir þetta, komu lendirmenn því til leiðar, að öllum þeim sem fæddir voru á jarðeignum þeirra, var gert að skyldu að ala þar aldur sinn; þeim var bannað að flytja af landi burt, eða á jarðeignir annara. Þetta hefir verið kallað bandskapt.

Um 1630 er sagt, að helmingur af öllum jarðeignum í Danmörku, hafi verið eign ríkisins, 40% eign lendra manna, en aðeins 10% eign bænda.

Lendum mönnum fjölgar, og þeir fá að meiri leyti yfirráð yfir jarðeignum ríkisins.

Höfuðból lendra manna (herrasetrin) voru vanalega stærstu jarðirnar og undir þær lágu oft fleiri jarðir. Lendirmenn höfðu ýms einkaréttindi, sem gerði það að verkum, að búskapur þeirra var allgóður svo þeim var hægt að gera ýmsar framfara tilraunir.

Bændurnir, aftur á móti, voru á smáum sundurskiptum jörðum, voru kúgaðir og því ómögulegt að gera nokkuð sem til framfara horfði.

Skylduvinnan eykst til muna á þessu tímabili, svo, að lendirmenn fá nú hér umbil alla vinnu á þann hátt.

Jarðyrkjan tekur litlum framförum. Verkfæri hin sömu og áður og hinar sömu korntegundir ræktaðar.

Búpeningsræktin tekur nokkrum framförum. Það er fengið búfé frá öðrum löndum, bæði kýr og hestar, til þess að bæta kynið, og bar það á sumum stöðum nokkurn ávöxt.

Uxarnir eru enn aðal verslunarvaran. Lendirmenn keyptu þá unga hjá bændum og héldu þá þar til þeir voru 4-6 vetra og seldu þá, sem áður, til Hollands og Þýskalands.

---

## Tímabilið frá 1660 til 1750

Hinn síðasti ófriður hafði gert landinu stórt tjón, og ófriðir á þessu tímabili gera einnig landinu mikið ógagn.

Við byrjun þessa tímabils verður sú breyting á stjórnarfyrirkomulagi Dana, að konungurinn verður einvaldur. Áður var konungsvaldið takmarkað, þar sem að lendirmenn réðu mestu.

Í konungslögunum er ákveðið, að konungurinn sé hafinn yfir öll mannalög og að Guð einn sé hans dómari. Hann, einn, hefir vald til að gefa, afnema og breyta öllum lögum, að setja menn frá og í öll embætti o.s.fr.v.

Borgarar höfðu stutt konunginn til valda. En af því leiddi, að hann varð þeim hlyntur, en völdin gengu úr höndum lendram.

Einveldinu fylgdi og það, að komið var á föt föstu herliði; en það kostaði stór fé.

Ríkið studdi á ymsan hátt — verzlun og iðnað, og var álitið, að á því byggðist með velmegun landsins.

Af öllu þessu leiddi, að útgjöld ríkisins óxu, svo að mikið fé þurfti í fjárhirslu þess. Skattarnir jukust. Ýms einkaréttindi voru tekin af lendum mönnum.

Skattarnir urðu þungbærir bændunum, því fjárhagur þeirra var þröngur, og búskapurinn í hinu mesta ólagi.

Á þessu tímabili var þó reynt að gera nokkrar umbætur á stjórn landsins, þótt fæst af því kæmi að tilætluðum notum.

En þannig var landshaftið afnumið með lögum 1702. 1723. kom í þess stað ~~kom~~ út fyrirsettlögum. Og allir karlmenn frá 14–16 ára voru skyldir að ganga í herinn ef á þurfti að halda, og var þeim sem tima, gert að skyldu, að búa á sínum jarðeignum. Þetta var kallað „átthagaband".

Mikil ógæfa var það fyrir búnað Dana, að 1745 og næstu 7 ár gekk drepsótt yfir landið og drap fjölda af nautgripum. Og er sagt, að á þessum 7 árum hafi drepist um 7 miljónir nautgripa úr þeirri pest. Afurðir búnaðarins urðu minni og lækka í verði. t.d. má nefna, að verð á korntunnu er talið að hafi verið á tímabilinu frá 1641–1714.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Byggtunnan | frá Kr. 4.60 | til Kr. 6.54 |
| Rúgur | — — — 6.40 | — — 8.29 |
| Hafrar | — — — 2.70 | — — 3.46 |
| Smér | — — — 35.00 | — — 40.00 |

Á þessu tímabili verða litlar framfarir í búnaði. Hinar sömu jurtir ræktaðar og áður. Það er samt ekki farið að rækta rófur og jarðepli að nokkrum mun.

Grasfræsáning var óþekkt.

Búpeningsræktin tók litlum framförum. Á herraðsbúunum voru að vísu gerðar nokkrar tilraunir með að bæta kvikfénað. Til þess voru fengnir nautgripir frá útlöndum, en það virtist ekki verða að miklum notum.

Afurðir búnaðarins urðu of litlar til að fullnægja kröfum landsins, einkum afurðir búpeningsins, var smér, t.d., keypt frá útlöndum einkum frá Hollandi.

Verkfærin voru léleg. Hinar fullkomnari vélar, sem nú eru til, ekki þekktar þá.

Vinnan á herraðsbúunum var mest framkvæmd af leiguliðunum og húsmönnunum.

Gerðu herramennirnir ýmsar tilraunir að bæta jarðræktina, en gaf þó litlar afurðir í samanburði við það sem nú er. Þá er talið að meðal uppskera af korni væri 5–6 sinnum meiri en útsæðið. Nú 10–12 sinnum meir.

Á þessu tímabili voru næstum þá allir bændur leiguliðar nema herramennirnir.

Kjör leiguliða voru eigi góð. Afgjald jarða var að vísu fastákveðið, nema landsdrottinn gat

hækkað það við leiguliða skipti. Afgjaldið var goldið í ýmsum vörum eða vinnu, en með því urðu leiguliðarnir bundnir við herrasetrin. Réttur þeirra var lítið tryggður af hinu opinbera, heldur mest kominn undir miskun og náð herramannanna hvernig farið var með þá.

Á þessu tímabili koma hinir svonefndu húsmenn til sögunnar í Danmörku. Það eru menn sem aðallega lifa á daglauna vinnu, eða ~~annara~~ heima iðnaði.

Húsmenn þessir fá oftast að rækta nokkrar dagsláttur að lifa af, og hafa ofurlítið af búpeningi.

Framhald.

---

# Heilabrot

fljótt

Svo bar við, að auðmenn þrír, sem ásamt þjónum sínum voru saman á ferðalagi, komu að breiðu fljóti. Yfir um það lá engin brú, og ferjumaður var hvergi sjáanlegur, en við bakkann lá dálítill bátur sem ekki var stærri en svo að tveir menn gátu með naumindum verið í honum. Það hefði þó engin vandræði orðið fyrir ferðamennina, að komast yfir á bátnum, ef svo hefði ekki staðið á, að auðmennirnir um morguninn af hendingu heyrðu þjónana tala um að myrða þá og ræna peningum þeirra og eignum. Þjónarnir vissu, að húsbændur þeirra voru þeim langt um sterkari, og að þei

þurftu ekki að hugsa að vinna þá
öðruvísi en tveir væru um einn
eða þrír um tvo. Við á þessa ventust
þeir eftir tækifærinu, að það byðist
þeim að framkvæma þetta níðingsverk.
Auðmennirnir voru lengi í efa
um hvað þeir ættu að gera til þess
að koma í veg fyrir að þjónarnir
yrðu fleiri en þeir öðruhvorumegin
árinnar. Eftir mikla umhugsun,
sagði einn þeirra: „Án þjónanna
getum vér, því miður, ekki verið;
en eg skal eyðileggja hið illa áform
þeirra, með því, að sjá um, að hvor
ugumeginn árinnar verði fleiri
af þeim en okkur." Hann hélt
orð sín, og þeir komust aldrei yfir
um, án þess fantarnir fengju tæki-
færi á að framkvæma illræðisverk
sitt. Hvernig fór hann að því?

## Flutningur lifandi fjár til Englands.

---

Svo sem öllum er kunnugt, hefir
lifandi fé verið flutt til Englands
nú um langt skeið, og það oft í
stórum stíl. Mestur var þessi
útflutningur á árunum 1889. +
1890 og 1895. Árið 1889 keypti
Coghill 34,000 fjár,
Thordahl 8,000 —"— og kaupfél. eða
L. Zöllner 18,000 —"—
Var því flutt út það árið um 60,000
fjár. Árið eftir (1890), var flutt
út enn fleira fé, eða sem næst
75,000. Árið 1895 sendu kaupfél.
út fjölda fjár, um tölu á því
er mér ekki kunnugt. En talið er

að Kaupfélögin hafi fengið það ár
um 500,000 Krónur í peningum
fyrir selt fé, auk mjög mikillar
vöru. Árið 1889 gáfu þeir, Coghill
og Thordahl allt að 15. Krónur fyrir
veturgamalt fé og um 20. Krónur
fyrir sauði.

Nú á seinni árum hefir út-
flutningurinn farið mjög þverrandi,
og á síðastliðnu hausti var aðeins
einn skipsfarmur fluttur út,
um 2530 fjár. Það fé var
einungis úr Þingeyjarsýslum.
Féð úr S.-Þingeyjarsýslu var 120 ᵖᵈ
að meðalþyngd, og úr Norður-
sýslunni 126 pd. Nettó verð var
það að S. Þing. fá Kr. 19,19 og
N. Þingeyingar Kr. 21,46 til jafnaðar,
eða S. Þing. 16 aura fyrir pundið
og N. Þ. 17 aura.

Þótt þetta sé eitt með því besta er
fengist hefir, þá hefir þó þessi
verzlun oftast verið sauðfjáreig-
endum hagkvæm; því undantekn-
ingalítið hefir féð gert meira
með þessari sölu en eftir
niðurslagi hjá Kaupmönnum;
Auk þess, sem þetta fé hefir ætíð
verið borgað, annaðhvoggja, með
peningum eða þá með vörum
með lægra verði, en Kaupmenn
hafa selt [látið] þær í vöruskiptum.

Eins og nú stendur, er mjög
illt útlit með kjötsölu, og má telja
nokkurnveginn víst að ketverð lækki,
og er það [kjöt] þó nú í tiltölulega lágu
verði. Þó getur þetta lagast ef peningamarkaðurinn [batnar]

Sökum hinnar miklu fjárslógðar,
sem síð vér höfum við að búa,
getum vér ekki komið keti voru

á hinn útlenda markað, þannig verkuðu, að það verði talin góð vara og gefið fyrir það hátt verð, þótt það, að sjálfsögðu, geti nokkuð lagast með sláturhúsum og breyttri tökunar-aðferð sem vér verðum að leggja mikla áherslu á.

Líkindi eru þó til, að vér getum fengið hæst verð fyrir kéti vort með því að senda féð lifandi út. Með sérstökum flutninga skipum fyrir sauðfé og auknum þekking á þörfum fjárins á sjóleiðinni, getur féð liðið allvel, og þurfum vér því ekki, frá mannúðarlegu sjónarmiði, að hafna slíkri verslun. Vér ættum því að reyna að auka hana eftir megni, því vér höfum fulla þörf á, að fá sem-virði fyrir vörur vorar.

Kaupfélögin ættu að skora á umboðsmann sinn, að gera tilraun til að selja fé á fæti á næstkomandi hausti, þar sem miklar líkur eru til, að vér fengum hærra verð fyrir það þannig, en eftir niðurlagi.

Þótt vér Norðlendingar eigum, því miður, fátt af því fé, sem þannig er hægt að koma á hinn útlenda markað, er þó alls staðar á landinu nokkuð til af slíku fé.

Vér skyldum ætíð hafa það hugfast, að styrkja hverja þá viðleitni, hvort heldur í verslun eða öðru, sem miðar til þess að auka hagsæld innan þjóðfélagsins þótt vér persónulega höfum ekki mikinn peningalegan hag af því í fyrstu.

Þótt vér Skagfirðingar höfum ekki almenn not af þessari sölu á næstkomandi hausti ættum vér engu síður að vera henni sinnandi.

Hér í sýslu eru þó allmargir menn, sem geta haft hag af útflutningi, strax á næsta hausti, ef gott tilboð fengist um kaup á lifandi sauðfé, og hagur einstaklingsins er óbeinn hagur fjöldans. Segjum vér fram á, að þessi sala færði oss minnum hag, mundi sjálfsagt koma upp afar-lítill vísi af sauðum, hjá fjöldamörgum, og geta þá orðið almenn not af útflutningnum.

Vér Íslendingar eigum víða kjarngóð afréttarlönd, og getum því með betri meðferð og kynbótum fengið allmikið af vetrgömlu fé með 100 ℔ þunga.

Þótt það kæmi fyrir, að útflutningur misheppnaðist, eða hætti alveg eftir nokkur ár; getum vér þó aldrei beðið mikið tjón, þótt vér kæmum upp afarlitlum sauða vísi og hefðum nokkurt „lambalíf" þó vér þyrftum svo að selja miðurlags verð:

Vér þurfum að nota oss alt það sem getur gefið oss hag, án þess þó að bregða mikið búskap vorum, enda eru tíðar breytingar á búskapnum, að sjálfsögðu hættulegar.

„Kaupfélag Skagfirðinga" ætti því, ásamt öðrum kaupfélögum, að hlynna að útflutningnum á næsta hausti ef það gæti orðið til þess að allir yrðu þó ekki jafnharðt úti með sölu á búsafurðum sínum eins og nú lítur út fyrir.

Gísli Sigurðsson

# Skrítlur

Spýtt

Móðirin: „Hvaða voðalegur ganragangur er þetta, Elín"? Þú argar upp sína og verða götustelpa. Líttu nú á Áka, hvað hann situr kyr og stiltur."

Elín: „Já, mamma, en svoleiðis á það líka að vera í leiknum sem við erum að leika. Áki er n.l. pabbi, sem kemur seint heim, og eg er þú."

— " — " —

Presturinn: „Það hefir verið mér sönn gleði, Sörensen, að sjá yður í kyrkju hvern sunnudag í sumar."

Sörensen: „Eg hefi líka orðið mjög feginn að koma þangað, því heima láta flugurnar mig ekki hafa augnabliks frið til að blunda."

— " — " —

Lísa: (4. ára) „Mamma! Hvað var eg gömul þegar eg fæddist"?

— " — " —

Í Ameríku er svo nískur maður að hann talar fram um nefið til að spara hinar fölsku tennur sínar.

— " — " —

Hann: „Eg elska yður, alveg ótrúlega, fröken Berta".

Hún: „Eg trúi því heldur ekki"

— " — " —

Vinnukonan: (við lækninn) „Eg á að skila kveðju frá húsmóður minni, frúin biður yður að koma heim til sín í fyrra málið áður en þér farið út."

# Nokkrar bænda og bæjavísur

Eftir
Jónas Jónsson (Eftir minni)
Framhald

Steinþils rædir ranns af ná
reifðar gæðum slingum.
Stafbletsað sem ýmist blá
alveg flæðir kringum.

Handa fólki hefir nóg,
hann, og sveþum fæður.
Hellusteinn á sínum sjó
sveitarbóndi góður.

Hænu gráan geþur má sjá
gestur sá er heitir.
Brunni gjáar byggir á
boðna lágar reitir.

Framhald

# Afargömul gáta

Úti var ég staddur á arfa
derlings, sá ég hvar lánghálsa
þrifa nádi; ginnunga nordur
um gaþið vídar, hélt sú á
þilfing og hugði að eta, kom
þá gaglhati með klær út
þandar, í vígahuga sem
vindur færi, réðst á Tjarn-
búa og rændi veiði; burt
flaug kvíkingur í bjargar-
þroti, settist þó gagnvart á
gjallar bakka, en veður-
fölnir af (að) vísi þundar,
snögglega vendi, í snæðings
von. Þá leit ég fljúga þriðja
sinni gallaþnir gamlan og
gráðuglegan, sem ginandi úlf

er gengur til veidar,
sveif hann ad þar er
Sandur ~~sandur~~ grúfdi, undskornir
móti eggdir vendi, blindvídnir
laust. þá bana-snarfugla,
máttvana féll hann og misti
hnetu, sprang þá ad höldur
med spentan riffil, geyst
reid að skotid, en gamlir
fellur, fékk þá svaninn
filfing sinn.

---

Sendid „Niljanum rádningarnar

---

# Framfarir og breytingar í búnadi Íslendinga á sídustu öld

Framh.

---

Í sídasta bl. talaði eg um breytingar sem ordid höfdu á kálrœktinni. Eg vil nú athuga þad nokkud nánar.

Hér liggur fyrir sú spurning, hver sé ástædan fyrir þessu lágmarki á kálrœktinni? Hvad skyldi vera réttasta svarid? Er sökina ad finna hjá óblídu náttúrunnar? Eg segi nei, ad minsta kosti er sökin minni þar. Sökina er ad finna hjá þjódinni sjálfri, og ástædan er skortur á nægilegri þekking:

Jurtirnar gera misjafnar kröfur til jarðvegsins og efnanna í honum. Þegar búið er að rækta sömu jurtina á sama blettinum lengi, þá fer hana að vanta nauðsynl. næringarefni, ef ekki eru viðhöfð sáðskipti.

Þetta hefir ekki verið athugað nógu vel 1871–80. Enda kvörtuðu landsmenn yfir því, að kálið sprytti ekki vel, og mun það hafa leitt til þess, að kálræktin minkaði á tímabili.

Ennfremur má geta þess, að Rótarávextir hafa verið ræktaðir á þessu tímabili að nokkrum mun, og skal með eftirfylgjandi tölu sýndur mismunurinn á því:

Árið 1885 ræktaðst 2900 tunnur
–"– 1886 –"– 6000 –"–
–"– 1886–90 –"– 8400 –"–
1890–1900 – 13500 tunnur

Þessar tölur sýna tölverðar framfarir því árið 1900 eru ræktaðar rófur og næpur 10,200 tunnum meira en árið 1885, og jarðepli um 11000 tunnum meira.

Þúfnasléttur, eftir skýrslum búnaðarfélaganna, hefir aukist ár frá ári, eins og eftirfylgjandi tafla sýnir. —

Þúfnasléttur eftir skýrslum búnaðarfélaga:

1896–1900 .. 401081 □ faðm.
1901 .... 505593 – –"–

## Húsdýrarækt.

Tölur þær, er hér fara á eftir, sýna fjölda nautgripa á árunum 1804 til 1900.

Tala nautgripa:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árið | 1804 | eru nautgr. meðalt. | 20325 |
| —〃— | 1821–25 | —〃— — | 24751 |
| —〃— | 1826–30 | —〃— — | 25752 |
| —〃— | 1831–33 | —〃— — | 27659 |
| —〃— | 1840–45 | —〃— — | 23202 |
| —〃— | 1849 .. | —〃— — | 25523 |
| —〃— | 1852–55 | —〃— — | 23908 |
| —〃— | 1858–59 | —〃— — | 26803 |
| —〃— | 1861–65 | —〃— — | 22429 |
| —〃— | 1866–69 | —〃— — | 18918 |
| —〃— | 1871 .. | —〃— — | 20727 |
| —〃— | 1876–80 | —〃— — | 20777 |
| —〃— | 1881–85 | —〃— — | 18828 |
| —〃— | 1886 .. | —〃— — | 17145 |
| —〃— | 1888 .. | —〃— — | 16989 |
| —〃— | 1889 .. | —〃— — | 18546 |
| —〃— | 1891–95 | —〃— — | 19200 |
| —〃— | 1896 .. | —〃— — | 20524 |
| —〃— | 1897 .. | —〃— — | 20461 |
| | 1898 | —〃— — | 19575 |
| | 1899 | —〃— — | 19515 |
| | 1900 | —〃— — | 20331. |

Þess ber að geta, að árið 1891 er samkvæmt ofannefndri töflu 19200 nautgripir í landinu, og þar að auk 1600 kálfar, og árið 1896 er auk þess, er ofannefnd tafla sýnir, 3211 kálfar. Enn fremur árið 1897 – 2000 kálfar, þó er þeim farið að fækka.

„Í 2 aldir hefir nautgripunum stöðugt fækkað, við fólksfjöldann. Árið 1900 eru nær því helmingi færri nautgripir með kálfunum en árið 1703 sem er meðaltal af nokkrum árum".

En þess ber þó að geta, að nautgr. hefir fjölgað frá árunum 1896–7–1900. —

Eftir gömlum sögum að dæma

hefir meira verið svikin tíund
áður fyr, en nú.

Árið 1900 eru nautgripir í
landinu 20331 að tölu, en árið
1804 – 20325, munar aðeins um
6 nautgripi. En fólkinu hefir
fjölgað að miklum mun.

Hvað á að segja um þetta?

Það lítur svo út, sem sé hér um
afturför að ræða. Þó ber þess að gæta,
að mikið minna er dregið úr hor
en áður, eftir því sem sagt er, og
að nautgripirnir virðast gefa meiri
afurðir nú en áður var. Enda
eru nú rjómabú og kynbóta fél.
að fæðast og dafna í landinu.

Spurning er það, hverju
það sé að þakka að minna er dregið
úr hor nú en áður, hvort það er
að þakka menning þjóðarinnar

eða lögunum um horfelli á skepnum,
9. febrúar 1900.

Áður voru sett ströng lög yfir
Íslendinga, og þeir kunnu vart að
hlýða þeim öllum. Það eldir eftir
af þessu enn, að menn kunna ekki
að hlýða öllum þeim lögum sem
sett eru og svo mun hafa verið með
horfellislögin. Enda mun farið
á bak við þau.

Að mínu áliti er það menning
þjóðarinnar sem hefir valdið því, að
nú er dregið minna úr hor en áður.

## Sauðfé

Fjártala eftir landhagsskýrslum.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Árið | 1804 | er meðalt. sauðfj. | | 218818 |
| –„– | 1821–25 | –„– | – | 397508 |
| –„– | 1826–30 | –„– | – | 455947 |
| –„– | 1831–33 | –„– | – | 556550 |
| –„– | 1840–45 | –„– | – | 606536 |

1849 — „ — — 619092
1853 — 55 — „ — — 502837

Hér eru lömb ekki talin með:

1890 — „ — — 414000
1891–95 — „ — — 739092
1896–1900 — „ — — 739092.

Á árunum 1896 til 1900 er tala sauðfjár á landinu að meðaltali 739092, en 1804 ekki nema 218818, eða 520274 færra. Þetta bendir á annhvort sauðfjárrækt, enda er kynið bætt. —

Tala geitfjár:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árið | 1853–55 | meðaltal | 857 |
| — „ — | 1858–59 | — „ — | 767 |
| — „ — | 1861–65 | — „ — | 416 |
| — „ — | 1866–69 | — „ — | 252 |
| — „ — | 1871–75 | — „ — | 177 |
| — „ — | 1881–85 | — „ — | 50 |
| — „ — | 1886 . . | — „ — | 60 |
| | 1888 | — „ — — | 8. |

Þessar tölur sýna, að geitféð á þessum tíma hefir ekki verið ræktað af miklu kappi. Hvort þessi fækkun geitna er fyrir það, að landsmenn sjái sér ekki hag af slíkri rækt, skal eg ekki dæma um, annars er það afturför.

Eg lít svo á, að það sé ekki heppileg að eyðileggja geitféð, slíkt er þó bundið staðháttum og ýmsum öðrum skilyrðum.

Framhald

---

## Spurningar

1. Fráfærurnar ?
2. Krossaignin ?
3. Mentun unglinga í sveitum.

# Spurningar og svör

A. Hverning á að velja garðstæði, svo að vel sé?

B. Það er mikið undir því komið, hvaða jurtir á að rækta, því þær gera mismunandi kröfur bæði til jarðvegsins og veðráttunnar (loftslags). En það, sem sérstaklega ber að athuga þegar á að velja garðstæði er:

1. Hallinn. Það er nauðsynl. að garðurinn liggi í hæfilega miklum halla. Hallinn er talinn hæfilegur ef hann er 1:60 í vanalegum kálgörðum, en í jarðeplagörðum má hallinn vera meiri.

A. Því þarf hallinn að vera takmarkaður?

B. Ef hallinn í görðunum er mikill, þá vilja jurtanærandi efnin í jarðv. síga niður (undan brekkunni) og garðurinn, að ofan, verður fátækur af efnum.

A. Hvernig skal velja garðstæði gegn veðráttufari?

B. Það er nauðsynl. að garðurinn standi í sem mestu skjóli, en þó sérstakl. fyrir sjávarstormum. Garðinn skal velja þannig, að hallinn sé móti suðri.
Ef valinn er garður fyrir tré og runna, þá má hann ekki vera á þeim stað sem mikinn snjó leggur. Enn fremur skal eg segja þér, að garðstæði er betur valið nálægt tjörnum, ám eða lækjum.

A. Vegna hvers?

B. Vegna þess, að þar eru ekki næturfrostin eins mikil. Vatnið er þá heitara en loftið, það gufar

því upp og verkar á loptið.
Varast þarf, að velja garðstæði þar sem mýrar-flákar liggja í kring því gufan upp af þeim kælir loptið.
Þegar valið er garðstæði, þá má það ekki vera í lægðum því þar er kuldinn meiri, því kalda loptið er þyngra en það heita og leitar því niður. En frá þessu er þó undantekning ef lægðin er við sjó, ár, læki eða stöðuvötn.
Ánægjulegra er að hafa garðana heima við bæi, ef þess er kostur.

A. Er sama hvernig jarðv. er valinn fyrir garðinn?

B. Nei. Aðalf. verður að taka tillit til legunnar. Jarðvegurinn þarf að vera góður. Sendin jarðvegur er góður fyrir jarðepli, en moldar og leirjarðv. fyrir rófur. En sandi og leirblandinn jarðvegur er góður fyrir alla garðrækt.
Best er — ef hægt er — að velja garðstæði við laugar, og lokræsa þá garðinn, því laugarnar, með því að renna í gegnum jarðv., hita hann upp.

A. Eigum við hér í sveitinni ekki að fara að stunda meiri garðrækt en verið hefir, væri það ekki hagfræðisl. fyrir okkur

B. Jú — vissul. — En tíminn leyfir mér ekki, að tími, að ræða frekar við þig um þetta mál. Þegar ég fylgi „Viljanum" vini nú úr hlaði, skal ég segja þér meira um garðræktina, ef ég verð þá ekki búinn að fá mislingana.

# Óskir „Viljans":

1. Ad farid sé vel med hann þar sem hann kemur.
2. Ad flýtt sé fyrir göngu hans.
3. Ad sem flestir ljái honum ritgerdir og um sem flest efni.

Af því sem bladid byrjadi svo seint ad koma út, hefir ritnefndin í hyggju, ad gefa „Viljann" út tvisvar í mánudi.

Vonast nefndin því eptir sem flestum ritgerdum frá félagsmönnum, og um sem flest málefni.

| | kom | fór |
|---|---|---|
| Víkurkot | kom 4. febr. | fór 5. febr. |
| Miklibær | kom 5 febr. | fór 7. febr. |
| Hrólfsstaðir | kom 8 febr | fór 9 febr. |
| Þorleifsstaðir | | |
| Höskuldsstaðir | | |
| Stóru-Akrir | | |
| Minni-Akrir | | |
| Litlidalur | | |
| Vaglir — | — kom 19. febr. | fór 20. febr. |
| Víðivellir | kom 20 febr. | fór 20. |
| Sólheimar | Kom febr. | 24 |
| Úlfsstaðakot | kom 24 — | fór 26 |
| Mypsalir | | |
| Víðivellir | | |

Eyðilegging

Jerúsalemsborgar